

Ályktun um kjaramál frá 22. fulltrúapíngi SLFÍ

Sjúkraliðar fagna því að fráfarandi ríkisstjórn dró úr kynbundnum launamun með sértækri launahækkun heilbrigðisstéttu hjá ríkinu þ.s. meirihlutinn er konur. Háskólastéttir fengu þó meiri hækkun en aðrar stéttir þrátt fyrir viðlíka kjaraskerðingar stéttanna á síðastliðnum árum.

Sjúkraliðar krefjast þess að við gerð komandi kjarasamninga verði þessi launamunur leiðréttur og einnig sá launamunur sem myndast hefur milli kjarasamninga innan raða sjúkraliða.

Sjúkraliðar hvetja nýja ríkisstjórn til að halda áfram að útrýma óútskýrðum kynbundnum launamun fyrir fullt og allt í næstu kjarasamningum.

Ályktun á 22. þingi SLFÍ

Starfsumhverfi sjúkraliða

Sjúkraliðar hafa í rúm fjörutíu ár barist fyrir stöðu stéttarinnar innan heilbrigðiskerfisins og hafa oftar en ekki þurft að takast á við öfl sem leynt og ljóst hafa reynt að koma í veg fyrir eðlilega framþróun stéttarinnar. Sætir sigrar hafa unnist, dropinn hefur holað steininn í þeirri baráttu og stéttin hefur öðlast mikilvægan sess innan heilbrigðiskerfisins enda hafa sjúkraliðar og forysta þeirra lagt áherslu á þróun stéttarinnar með auknum menntunar- og starfskröfum.

Sjúkraliðar fagna nýjum lögum um heilbrigðisstarfsmenn þ.s. teknir eru niður stéttarlegir múrar, þannig að réttur maður starfi á réttum stað í heilbrigðiskerfinu og menntun hans og reynsla nýtist sem best. Sjúkraliðar fagna því einnig að fráfarandi velferðarráðherra hefur nú gengið frá og undirritað reglugerðir beggja hjúkrunarstéttanna í anda laganna um heilbrigðisstarfsmenn.

Ályktun fyrir 22. þing SLFÍ

**Starfsöryggi sjúkraliða hjá
Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)**

Sjúkraliðar sem starfa hjá SFV hafa notið starfsöryggis til jafns við aðra opinbera starfsmenn og um leið sætt sig við lakari kjör en eru á almennum vinnumarkaði.

Gerðir hafa verið samningar við SFV þ.s. gengið hefur verið út frá ákveðnu starfsöryggi, enda hafa fyrirtæki innan SFV verið fjármögnuð að langmestu leyti af almannna fé.

Í ljósi hins dæmalausa dóms Hæstaréttar Íslands og viðbragða æðstu stjórnenda innan SFV, er ljóst að starfsöryggi sjúkraliða hjá þessum samtökum er ekkert og við því verður að bregðast.

Sjúkraliðar krefjast þess að við gerð næstu kjarasamninga verði gengið frá því að lög um opinbera starfsmenn gildi um sjúkraliða sem starfa hjá SFV eða samið verið um verulegar launahækkanir.

Ályktun frá 22. þingi Sjúkraliðfélags Íslands

Heilsuefling/vinnuvernd

Samkvæmt gögnum frá Virk starfsendurhæfingu hefur umsóknum sjúkraliða vegna ýmissa heilsuvandamála fjölgað gríðarlega á síðastliðnum árum .

Sjúkraliðar leggja áherslu á að Landlæknisembættið og Vinnueftirlitið sinni eftirlitsskyldum sínum og taki út og geri athugasemdir við bágborið vinnuumhverfi og undirmönnun á heilbrigðisstofnunum.

Koma verður í framkvæmd heilsueflingu sjúkraliða í vinnutíma eins og mælt var fyrir um í bókunum í síðustu kjarasamningum.

Sjúkraliðar krefjast þess að við næstu kjarasamninga verði áhersla lögð á að stytta vinnuviku vaktavinnufólks í 80% af vinnu dagvinnufólks. Margsinnis hefur verið sýnt fram á það í rannsóknum að vaktavinna hefur neikvæð áhrif á lífsgæði fólks og fjölskyldna.